

Verkefni: Stjórnarfundur Gígjunnar
Dagsetning fundar: 7. október 2007
Tímasetning fundar: 11:00 – 14:30
Fundarstaður: Fundurinn haldinn á heimili ritara

Stjórnarmenn / fundarmenn:

Sigrún Óskarsdóttir (SÓ)	Formaður	Mætt
Dagbjört Sigurbergsdóttir (DS)	Varaformaður	Mætt
Heiða Gunnarsdóttir (HG)	Ritari	Mætt
P. Linda Guðjónsdóttir (PLG)	Gjaldkeri	Mætt
Puríður Pétursdóttir (PP)	Meðstjórnandi	Mætt
Margrét Bóasdóttir	Verndari	Fjarverandi

Fundarefni og helstu niðurstöður fundar:

1. Frágangur á reikningi Gígjunnar

Á síðasta stjórnarfundum 16. september var ákveðið að næsti fundur stjórnar yrði vinnufundur þar sem öll stjórnin myndi setjast yfir reikninga Gígjunnar, fara yfir þá og setja upp. PLG gjaldkeri var búin að undirbúa fundinn og flokka öll gögn og prenta úr heimabanka yfirlit. Settur var upp rekstrar- og efnahagsreikningur fyrir tímabilið 01.09.2006 til 31.08.2007. Þessi reikningur verður kynntur og lagður fyrir á framhaldsaðalfundi Gígjunnar 20. október næstkomandi. Allir aðildarkórar Gígjunnar nema einn hafa greitt félagsgjöld fyrir tímabilið. SÓ hafði samband við kórinn og rukkaði hann, kórinn gekk strax frá greiðslu. Á aðalfundinum munu því allir kórar vera skuldlausir við sambandið.

Fleira ekki gert, fundi slitið kl. 14:30.
Ritari fundargerðar: Heiða Gunnarsdóttir.